

# Fundargerð 370. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2014, fimmtudaginn 11. desember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Már Sveinbjörnsson og Ólafur Þór Snorrason. Í símasambandi voru Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir og Ásta Björg Pálmadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014 - 1311085HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 369. fundar frá 31. október 2014 einnig lögð fram til undirritunar fundargerð 368. fundar.

*Fundargerð 369. fundar staðfest og báðar fundargerðirnar undirritaðar.*

### 2. Hafnalög - 1409050HA

Lögð fram nýsamþykkt hafnalög.

*Stjórn lýsir yfir ánægju með að þessum áfanga sé loksins náð.*

### 3. Reglugerð um móttöku úrgangs og um gjaldtöku í höfnum - 1409057HA

Lagðar fram athugasemdir Umhverfisstofnunar vegna breytinga á meðferð og gjaldtöku úrgangs frá skipum.

*Til kynningar.*

### 4. Flutningur Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 78. mál - beiðni um umsögn - 1411042HA

Lögð fram umsögn hafnasambandsins um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 78. mál.

*Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvar á landinu starfsemi Landhelgisgæslu Íslands er sett niður, en leggur áherslu á að Landhelgisgæslunni séu ávallt tryggðar nægjanlegar fjárveitingar til þess að standa undir verkefnum hennar sem felast í öryggis- og löggæslu, eftirliti, leit og björgun. Með öflugri starfsemi Landhelgisgæslunnar verður öryggi sjófarenda, fólksins í landinu og verndun auðlinda best tryggð.*

### 5. Brennisteinsinnihald í skipaolíu - 1305008HA

Lögð fram til kynningar drög að reglugerð um brennisteinsinnihald í fljótandi eldsneyti. Reglugerðin á að gilda um brennisteinsinnihald í svartolíu, gasolíu, skipaeldsneyti, skipaólíu og skipagasolíu hér á landi og í

mengunarlögsögu Íslands og stefnt er að því að reglugerðin taki gildi 1. janúar nk.

*Hafnasamband Íslands tekur undir með það sem fram kemur í tillögu að reglugerð m.a. um brennisteinsinnihald skipaeldsneytis að skip sem liggja við bryggju noti rafmagn úr landi í stað skipaeldsneytis eftir því sem kostur er. Það er stefna Hafnasambandsins að sla rafmagns til skipa verði aukin enda í anda þeirra umhverfissjónarmiða sem hafnir landsins starfa. Hafnasambandið vill þó af þessu tilefni koma eftirfarandi á framfæri:*

*a) Því er beint til umhverfis- og auðlindaráðuneytis að skoða þá aðferðafræði sem viðhöfð er í Noregi með stofnun sjóðs sem m.a. er fjármagnaður af gjöldum á þá sem ekki uppfylla reglur um efnainnihald eldsneytis. Sjóðurinn er síðan notaður m.a. til þess að styrkja hafnir og fyrirtæki til þess að koma upp búnaði til landtenginga skipa við rafmagn. Háfa ber í huga að uppsetning búnaðar til landtenginga skipa er mjög kostnaðarsamt og um margt flókin m.t.t. þarfa skipa á afli, búnaðar skipa og aðstöðu í landi. Því er ólíklegt að hafnir á Íslandi muni ná þeim árangri sem æskilegt er í þessum efnum nema með auknu fjármagni til verkefnisins.*

*b) Á nokkrum stöðum á landinu er flutningsgeta á rafmagni takmörkuð eða afhendingaröryggi lélegt. Eigi sala á rafmagni til skipa að verða hluti eðlilegrar þjónustu er nauðsynlegt að tryggja þessum stöðum það afhendingaröryggi sem þarf til að þessi þjónusta verði kostur allt árið."*

#### **6. Umhverfisstefna hafna - 1110002HA**

Lagður fram tölvupóstur frá Alta ehf., dags. 19. nóvember 2014, um mótun umhverfisstefnu fyrir hafnir.

*Ákveðið að fela umhverfisnefnd hafnasambandsins að taka málið fyrir og koma með tillögu um málið til stjórnar.*

#### **7. Sameining hafnasjóða - 1410112HA**

Lagðar fram niðurstöður úr könnun sem stefnumótunarnefnd sambandsins framkvæmdi í tengslum við samvinnu og sameiningar möguleika hafnasjóða.

*Starfsmanni falið að vinna úr niðurstöðunum og senda þær á stefnumótunarnefnd og aðildarhafnir.*

#### **8. Hafnafundur 2015 - 1412012HA**

Rætt um dagsetningu fyrir hafnafund árið 2015.

*Samþykkt að halda næsta hafnafund, sem verður í Hafnarfirðir, föstudaginn 4. september 2015.*

#### **9. Merki fyrir Hafnasamband Íslands - 1409066HA**

Lagðar fram niðurstöður kosninga um merki fyrir hafnasambandið.

*Að undangenginni atkvæðagreiðslu meðal aðildarhafna staðfestir stjórn að tillaga tvö verði merki Hafnasambands Íslands.*

**10. Kynnisferð hafnasambandsins 2014 - 1411006HA**

Lagt fram minnisblað um kynnisferðir hafnasambandsins seinustu ára.

*Samþykkt að næsta kynnisferð verði um Norð-Vesturland.*

Í lok fundar óskaður formaður stjórnarmönnum og starfsmanni hafnasambandsins gleðilegrar jólahátíðar.

Fundi var slitið kl. 12:20

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Valur Rafn Halldórsson